

**REGLUGERÐ**

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Siglufjarðarkaupstað, nr. 111  
10. ágúst 1956, sbr. reglugerð 10. maí 1971.

1. gr.

VII. kafli reglugerðarinnar orðist þannig:

22. gr.

**Um gjöld til hafnarinnar.**

Öll skip skulu greiða hafnargjöld til hafnarsjóðs, er þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar.

Öll gjöld til hafnarinnar greiðast af brúttóstærð skipanna eins og hún er mest, meðan skipið hefur viðdvöl í höfninni. Undanþegin lestagjaldi og bryggjugjaldi eru herskip, skemmtiferðaskip, íslensk vitaskip og varðskip.

2. gr.

22. grein, sem verður 23. grein orðist þannig:

**Lestagjöld.**

- a. Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmllestir skulu greiða lestagjald, kr. 3.00 á brúttórúmllest.
- b. Strandferðaskip greiða kr. 1.50 á brúttórúmllest.
- c. Fiskiskip undir 400 brúttórúmllestum greiða kr. 3.00 á brúttórúmllest, þó ekki oftast en tvisvar í mánuði.
- d. Heimabátar, minni en 10 brúttórúmllestir, greiða lesta- og bryggjugjald einu sinni á ári, kr. 200.00 af hverri brúttórúmllest. Lágmarksgjald skal vera kr. 1000.00. Gjaldtagi er 1. apríl, eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í 3 mánuði.

3. gr.

23. grein, sem verður 24. grein, orðist þannig:

Ef flutningaskip liggur lengur en 14 daga, skal það greiða lestagjald að nýju fyrir hverja 14 daga eða brot úr þeim. Þó skulu flutningaskip, sem bíða eftir síldarfarmi, og búsettur maður, eða maður, sem á síldarstöð í kaupstaðnum, hefur á leigu eða á, ekki greiða gjaldið fyrr en eftir 30 daga.

4. gr.

24. grein reglugerðarinnar um ljósagjald fellur niður, og breytist röð eftirfarandi greina í samræmi við það.

5. gr.

25. grein reglugerðarinnar fellur niður, og breytist röð eftirfarandi greina í samræmi við það.

6. gr.

27. grein, sem verður 26. grein, orðist þannig:

**VIII. KAFLI****Bryggjugjöld.**

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 1.50 á brúttórúmllest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip, 10—399 brúttórumlestir, greiða gjald þetta eigi oftari en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórumlestir, greiði ekkert bryggjugjald.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum, minni en 400 brúttórumlestir, sem ársgjald í heimahöfn, kr. 162.00 af hverri brúttórumlest.

7. gr.

Síðasta setning 31. greinar, sem verður 30. grein, fellur niður.

8. gr.

33. grein, sem verður 32. grein, orðist þannig:

IX. KAFLI

Vörugjöld.

1. fl.: Gjald kr. 70.00/tonn:

- a. Vara flutt í lausu máli í miklu magni, meira en 100 tonn í farmi, t. d. benzín, brennsluoliur, kol, korn, salt, vikur.
- b. Þungavarningur, sekkjavörur, óunnið járn og stál til iðnaðar eða mannvirkja-gerðar, hráefni til iðnaðar, útgerðarvörur, smurningsoliur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir og iðnaðarvörur til útflutnings.

2. fl.: Gjald kr. 150.00/tonn:

Iðnaðar- og byggingarvörur, unnar og hálfunnar, pökkuð og niðursoðin matvæli, ávextir, vefnarvörur, fatnaður.

3. fl.: Gjald kr. 400.00/tonn:

- a. Vélar og tæki hvers konar og varahlutar til þeirra, heimilisvélar og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, húsgögn. Útvarps- og sjónvarpsæki, hjóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur alls konar, vín, tóbak, ilmvoðn, snyrtivörur.  
Af flutningi vinnutækja innanlands, skal veita allt að 50% afslátt.
- b. Vörur, sem ekki verða flokkaðar annars staðar eftir þyngd.

4. fl.: Gjald kr. 40.00/rúmmeter:

Timbur og annað eftir rúmmáli.

5. fl.: Gjald 1%:

Sjávarafli, lagður á land á hafnarsvæðinu, til vinnslu eða brottflutnings. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans. Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega t. d. afrit af aflaskýrslu til Fiskifélags Íslands. Aflagjald fellur í gjalddaga, um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs, þótt hann var ræki innheimtu þess. Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega.

Lágmarksgjald í öllum flokkum er kr. 20.00.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 48 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 13. október 1972.*

**Hannibal Valdimarsson.**

*Kristinn Gunnarsson.*